

Nd.

54. Frumvarp

til laga um kosningar til sýslunefnda.

Flutningsmenn: Stefán Stefánsson 1. þm. Eyf. Ólafur Briem.

1. gr.

Kosningar til sýslunefnda skulu vera leynilegar, og fara fram á þann hátt, er segir í eftirfarandi greinum.

2. gr.

Hver hreppur er kjördæmi út af iyrir sig, og kýs einn mann í sýslunefnd, nema Vestmannaeyjahreppur, er kýs þrjá. Í kjörstjórn er sýslumaður, sem er formaður, og tveir menn aðrir, er sýslunefnd kýs. Kosningarrjett til sýslunefnda hafa allir hreppsþúar, karlar og konur, í hverri stöðu sem þeir eru, ef þeir eru 25 ára að aldri, þegar kosning fer fram, hafa átt lögheimili í hreppnum, síðastliðið ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, standa ekki í skuld fyrir sveitarstyrk og greiða gjald til sveitarsjóðs. Kona, gift kjósanda, hefir kosningarrjett þó hún sje ekki fjár síns ráðandi, sökum hjónabandsins, og þótt hún greiði ekki sjerstaklega gjald í sveitarsjóð, fullnægi hún að öðru leyti áðurgreindum skilyrðum fyrir kosningarrjetti. Kjörgengur er hver sá, sem kosningarrjett hafir, sje hann ekki vistráðið hjú. Við kosninguna skal farið eftir hreppsnefndar-kjörskrá.

3. gr.

Kosning fer fram á manntalsþingi eftir tilnefningu. Þeir, er tilnefna mann sem fulltrúa, skulu hafa afhent oddvita kjörstjórnar tilnefning sína 14 sólarhringum á undan kosningu, og skulu þeir, er undirskrifa tilnefningu, eigi færri en 3 og eigi fleiri en 9, enda sjeu það kjósendur einir, og greina þeir við nöfn sín stöðu og heimili.

Sá, er afhendir tilnefningu með eftirriti, á heimting á að fá á það rit að vottorð oddvita um að hann hafi fengið tilnefninguna og hvenær. Sje aðeins 1 tilnefning, er sá rjett kosinn, sem nefndur er.

4. gr.

Oddviti kjörstjórnar annast um, að tilbúnir sjeu nægilega margir kjörseðlar, miðað við tölu kjósenda í sveitarfjelaginu, með áletruðum nöfnum hinna tilnefndu manna, og sjeu þeir allir með sömu gerð.

5. gr.

Hreppsnefndin sjer um, að atkvæðakassi og kjörherbergi sje til, og skal kjörherbergi þannig lagað:

Það skal vera áfast húsi því, er kosningin fer fram í, þannig að eigi verði í það gengið nema úr því húsi. Tjald sje fest fyrir gluggum, er vera kynnu á herberginu, svo að ekki verði inn þangað sjeð að utan. Herbergið skal vera svo hjart, að hægt sje að lesa skrifað mál þar inni. Í því skal vera

borð og svartur blýantur, er hreppsnefnd leggur til. Atkvæðakassi sje lokaður og þannig lagaður, að engum kjörseðli verði úr honum náð, nema hann sje opnaður.

6. gr.

Áður en atkvæðagreiðslan hefst, skal kjörstjórnin opna atkvæðakassann, og sýna kjósendum, að kassinn sje tómur. Að því búnu læsir kjörstjórnin kassanum, og er síðan gengið til kosninga.

7. gr.

Þeir, sem neyta vilja atkvæðisrjettar síns, verða að mæta sjálfir. Kjósendur ganga fram og kjósa í þeirri röð, sem þeim list, og eftir því, sem þeir komast að. Kjörstjórn getur kvatt menn sjer til aðstoðar til þess að halda uppi reglu meðan á kosningu stendur. Þá er kjörstjórn hefir kannast við kjósanda, afhendir hún honum kjörseðil og visar honum til atkvæðaklefans, og má þar enginn annar inni vera; kjósandi merkir þar kross framan við nafn þess, er hann kys, brýtur síðan seðilinn saman þannig, að letrið snúi inn, fer með seðilinn að atkvæða kassanum í fundarherberginu og stingur honum þar niður um lokrifuna á kassanum. Jafnframt setur 1 maður úr kjörstjórninni kosningarmerki við nafn kjósanda á kjörskránni. — Ónýttist seðill fyrir kjósanda eða gallist, getur hann fengið nýjan seðil hjá kjörstjórninni, og skilar hann þá þeim er ónýttist eða skemdist.

Sje kjósandi ekki fær um að kjósa vegna orsaka, er kjörstjórnin metur gildar, skal sá úr kjörstjórn, er kjósandi tilnefnir, hjálpa honum til þess.

Gengur svo koll af kolli, þangað til enginn gefur sig fram; þá kjósa þeir, er í kjörstjórn sitja, á sama hátt og aðrir kjósendur, og er kosningunni þar með lokið. Kosningargjörðin má eigi standa skemur en 1 klukkustund, nema allir kjósendur, sem á kjörskrá standa, hafi neytt kosningarrjettar áður en sá tími er liðinn.

8. gr.

Þegar atkvæðagreiðslu er lokið, telur kjörstjórn saman atkvæði. Oddviti kjörstjórnar les upp kjörseðlana, en 2 aðrir úr kjörstjórninni skrifa, hvor í sinu lagi, upp tölu þeirra atkvæða, er hvor eða hver hinna tilnefndu manna hefir hlotið. Reynist það, að atkvæði hafi verið greidd um fleiri en 1 hinna tilnefndu manna á sama seðli, eða reynist seðill á einhvern hátt sjerkendur, og sje ástæða til að ætla, að kjósandi hafi einkent hann af ásettu ráði, er seðillinn ógildur. Þegar kjörseðlar allir hafa verið lesnir upp, telur kjörstjórnin saman atkvæði og ber tölu þeirra saman við kjörskrána. Hafi tveir eða fleiri jöfn atkvæði, ræður hlutkesfi.

9. gr.

Hvorki kjörstjórnarmaður nje nokkur annar, sem í kosningarstofunni er staddur, má beinlínis eða óbeinlínis hvetja nokkurn kjósanda, meðan á kosningargjörðinni stendur, til þess að kjósa einn öðrum fremur, nje heldur má kjörstjórnarmaður skýra frá því, er hann kann að hafa orðið áskynja um í kosningarstofunni, að því er atkvæðagreiðslu kjósenda snertir.

10. gr.

Í hreppi hverjum, skal kjósa varasýslunefndarmann, og gilda sömu reglur, við kosning hans, sem við kosning sýslunefndarmanns, þó svo, að tilnefningu hans þarf eigi að afhenda oddvita kjörstjórnar fyr en á kjördegi, að lokinni kosningu sýslunefndarmanns, hafi hún átt fram að fara.

Nú getur sýslunefndarmaður ekki mætt á sýslufundi, og skal hann þá tilkynna það varasýslunefndarmanni svo tímanlega, að hann geti sótt sýslufund. Varasýslunefndarmaður hefir sömu rjettindi og skyldur sem sýslunefndarmaður.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til sveitarstjóðs alt að 100 kr.

12. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 56., 57. og 59. gr. laga nr. 43 10. nóv. 1905.